

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. desember 2008

Tilvísun: UST20081200024/bs

Axarvegur (939) og Hringvegur í Skriðdal og um Berufjarðarbotn. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu að matsáætlun:

Núvernadi samgöngur: Fram kemur á bls. 3 að núverandi vegur hafi verið endurbyggður á tímabilinu 1998-2005. Í kjölfarið hafi umferð um veginn aukist úr 25 bílum árið 2000 í 190 bíla árið 2006.

Árið 2000 voru engin óhöpp skráð, 4 árið 2004 og einnig 2005 og 3 árið 2006. Jafnframt er fullyrt að með vaxandi umferð um Öxi hafi umferðaróhöppum fjölgað.

Athugasemdir: Er hér um sama mannvirki að ræða við upphaf viðmiðunartímabils og lok þess? Ef umferð áttfaldast á viðmiðunartímabili og óhöppum fækkar milli árana 2005-2006 um 25 % má þá ekki ætla að óhöppum fækki? Er slíkur samanburður marktækur þegar um jafn fá óhöpp er að ræða?

Núverandi vegur: Í tillögu að matsáætlun segir m.a. á bls. 5: "Í frummatsskýrslu verður kynnt hvernig gengið verður frá þeim hlutum núverandi Hringvegar og Axarvegar sem lagðir verða af að loknum framkvæmdum." Á bls. 43 segir m.a.: "Vegagerðin mun hafa samráð við landeigendur og sveitarstjórnir um hvað gera skuli við núverandi veg."

Athugasemd: Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að taka afstöðu til þess hvernig farið verði með aflagaða vegkafla við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar þeirrar sem hér um ræðir í stað þess að láta afdrif aflagðra mannvirkja ráðast af ákvörðunum einstakra landeigenda.

Hringvegur 1 um Skriðuvatn. Núverandi vegur liggur nú með austurbakka vatnsins. Ráðgert er að endurbyggja núverandi veg án teljandi breytinga. Umhverfisstofnun telur til bóta fyrir lífríki vatnsins að byggja veginn betur upp, því þarna hefur vatnið til skamms tíma náð að flæða um veginn. Umhverfisstofnun vill benda á að við hönnun vegarins verði haft í huga að flái vegarins á þeim kafla sem hér um ræðir verður jafnframt austurbakki Skriðuvatns. Stofnunin telur að líta ætti til annarra lausna varðandi öryggissvæði á þessum stað en gert var

t.d. á Hringvegi 1 í Norðurárdal í Skagafirði.


Efnistöð í tillögu að matsáætlun: Umhverfisstofnun telur tillögu að matsáætlun nákvæma og í samræmi við lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar eru birtar athugasemdir flestra hagsmunaaðila, umsagnaraðila og annarra sem telja sig málið varða. Af þessum athugasemdum má ráða að talsverð óvissa ríkir um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, þ.e. matsferlinu og þeim atriðum sem til umfjöllunar eru við upphaf matsferlis. Úr þessu er væntanlega hægt að bæta með upplýsingagjöf. Umhverfisstofnun vill vara við því ef framkvæmdaaðili tekur undir mjög sértækar óskir og athugasemdir strax við upphafi mats á umhverfisáhrifum. Slík vinnubrögð gætu torveldað að unnt verði á seinni stigum að meta heildstætt umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmda.

Helstu umhverfisáhrif: Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði áhrif á landslag og ásýnd lands eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun vill beina eftirfarandi spurningum til framkvæmdaaðila: Geta teikningar af völdum köflum vegarins sýnt mögulegt útlit mannvirkisins og næsta umhverfi þess skýrar en hægt er að sýna á ljósmynd? Væri þannig mögulegt að sýna betur hvaða aðferðum verði beitt við hönnun vegarins til að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd lands?

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri